



NordForsk

Auðmýktartækni

Stefnutillögur fyrir sjálfbært og snjallt borgarskipulag

Sjálfbærni

Sanngirni

Samframleiðsla

Þátttaka

Lýðræði

Stefnutillögur fyrir sjálfbært og snjallt borgarskipulag

Heildræn nálgun á snjallar borgir

Taka upp heildræna nálgun á snjallborgarþróun sem samþættar félagslega, vistfræðilega og tæknilega þætti. Slík nálgun tryggir að þéttbýlisskipulag svari betur þörfum íbúanna og hinum ýmsu hliðum sjálfbærni – og stuðlar að lokum að heilbrigðara lífsumhverfi og ánægju almennings. Auka gagnsæi, ábyrgð og inngildingu í snjallborgarverkefnum með aðkomu almennings að því að bæði greina vandamál og móta lausnir.

Rækta sameiginlegt nám með „auðmýktartækni“

Hlúa að stjórnsýslumenningu sem stuðlar að sameiginlegu námi og jafnari tengslum milli ráðamanna, sérfræðinga og íbúa. Þetta má gera með því að bæta starfshætti í tengslum við þátttöku og hugsa um íbúa sem virka og ímyndaða fulltrúa sem geta tekið þátt í því að leysa vandmál hæfileikum sínum og þekkingu. Það er lykilatriði fyrir lögmæti og lýðræði að nýta staðbundna þekkingu og sérfræðiþekkingu íbúa í formlegu skipulagi.

Nýta stafræn verkfæri til að ná til fjölbreyttra hópa

Nota stafræn þátttökuvrkfæri á borð við Public Participation GIS (PPGIS) og gagnvirka nýsköpunarverkvanga til að íbúar taki þátt í ákvarðanatöku. Vandlega valin stafræn verkfæri gera mismunandi félagslegum hópum og aldurshópum kleift að taka þátt og röddum úr samfélaginu að heyrast, auk þeirrar merkingar og gilda sem fólk tengir við einstaka staði. Að því sögðu er jafn mikilvægt að bregðast við mögulegri áhættu og takmörkunum stafrænna verkfæra.

Setja þáttökulíkön í samhengi og taka þau upp

Viðurkenna mikilvægi samhengis í þéttbýlisskipulagi og -rannsóknum. Aðlaga aðferðir og verkfæri að aðstæðum á hverjum stað fyrir sig og greina með skýrum hætti frá markmiðum, tímaramma og takmörkunum almenningsþátttöku til að stýra væntingum og bæta þátttöku. Sníða þáttökulíkön að mismunandi markhópum og sérkennum þeirra til að tryggja inngildandi og markvissa þátttöku. Að greina sameiginleg markmið virðist vera lykillinn að ánægju við aðkomu hagsmunaaðila.

Leitast við að skilja fjölbreytt sjónarmið

Borgir samþjappa og auka ójafnrétti; mynda föst mynstur útilokunar og óréttlætis á grundvelli kynþáttar, þjóðerni, kyns, menningar, aldurs og fötlunar, sem og notkun snjallborgartækni. Þetta ójafnrétti skapar félagsleg vandamál og er ógn við félagslega sjálfbæra framtíð í borgum.

Sem dæmi má nefna að þrátt fyrir að grænir innviðir í borgum hafi, sem heilsuefandi staðir, áhrif á jafnrétti og réttlæti er mikilvægt að skilja að mismunandi félagslegir og lýðfræðilegir hópar skynja og upplifa þá á mismunandi hátt. Þess vegna er jafn mikilvægt að skilja áhrif grænna innviða á mismunandi hópa og það er að leggja áherslu á jákvæð áhrif þeirra á borgarlíf og vistkerfi.


Norrænn vettvangur fyrir almenningsþátttöku?

Stofnun vettvangs fyrir almenningsþátttöku í þéttbýlisskii pulag gæti verið skref í átt að frekara samráði milli rannsakenda, ráðamanna og annarra hagsmunaaðila, og einnig í átt að sjálfbærri framtíð þéttbýlissvæða. Á slíkum vettvangi gætu farið fram skipti og hann gæti geymt bestu venjur og lærdóm af mistökum, verið svið fyrir aukinn sýnileika og lögmæti stafrænna þátttökuaðferða og rannsóknarstofa fyrir notkun auðmýktartækni í leit að sjálfbærari og lýðræðislegri framtíð þéttbýlissvæða.

Nánari upplýsingar

Þessar tillögur eru byggðar á samantektarritgerð sem skoðar og skýrir niðurstöður fjögurra rannsóknarverkefna sem fjármögnuð voru með norrænu framtaksverkefni um sjálfbæra þróun í þéttbýli og snjallborgir.

- **Lestu samantektarritgerðina til að fá meiri innsýn og skilning á stefnutillögunum.**
- **Nánari upplýsingar um þau verkefni sem fjármögnuð voru með framtaksverkefninu eru á vefsíðu þess.**



[www.nordforsk.org/
research-areas/
sustainable-urban-
development-and-
smart-cities](http://www.nordforsk.org/research-areas/sustainable-urban-development-and-smart-cities)

Um NordForsk

Norræna rannsóknarráðið NordForsk er stofnun á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar sem fjármagnar og greiðir fyrir norrænni samvinnu um rannsóknir og rannsóknarinnviði.

www.nordforsk.org

Følg oss

 nordforsk